

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. koma orðin: háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.
- Í stað orðanna „fyrir miðjan desember“ í 2. másl. töluliðar 1 koma orðin: í janúar.
- Á eftir 2. másl. töluliðar 2 kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Einungis þeir sem þegar hafa fengið formlegan hæfnisdóm sem prófessor við viðurkenndan háskóla áður en umsóknarfrestur rennur út teljast uppfylla skilyrði um prófessorshæfi.
2. másl. 1. mgr. töluliðar 7 orðast svo: Kjördagur skal auglýstur tryggilega innan háskólans.
3. másl. 1. mgr. töluliðar 7 orðast svo: Kosning er rafræn og skal kjörfundur standa í rúman sólarhring frá kl. 9 árdegis fyrsta daginn til kl. 17 síðdegis annan daginn.
3. másl. 2. mgr. töluliðar 7 orðast: Ef tveir eða fleiri eru jafnir í öðru sæti ræður hlutkesti.
- Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. másl. töluliðar 8 koma orðin: háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.
- Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. másl. töluliðar 9 koma orðin: háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

2. gr.

Á eftir 6. mgr. 101. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Deildinni er heimilt að skipuleggja stuttar hagnýtar námsleiðir í grunnnámi, sbr. ákvæði 55. gr. reglna þessara.

3. gr.

Á eftir 12. mgr. 113. gr. reglnanna bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sérstakt inntökupróf er jafnframt haldið fyrir umsækjendur um nám í námsleiðinni Íslenska sem annað mál – Hagnýtt nám. Inntökuprófið er haldið í apríl. Þeir sem ná lágmarkseinkunninni 6,0 á inntökuprófinu öðlast rétt til að hefja námið. Umsækjendur sem lokið hafa a.m.k. einu námskeiði í íslensku sem öðru máli hjá viðurkenndum framhaldsfræðsluáðila, eða sambærilegu námskeiði, t.d. í háskóla eða framhaldsskóla, eru undanþegnir inntökuprófi.

Fyrirkomulag inntökuprófa skal kynnt á heimasíðu íslensku- og menningardeildar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 130. gr. reglnanna:

- Stafliður b í 1. mgr. fellur brott.
7. mgr. fellur brott.
8. mgr. fellur brott.

5. gr.

3., 4. og 5. másl. 1. mgr. 131. gr. reglnanna falla brott.

6. gr.

Aftast í 131. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nám í tæknifræðigreinum við rafmagns- og tölvuverkfræðideild er lagt niður frá og með háskóla-árinu 2025-2026. Nemendum sem þegar eru í náminu er gefinn kostur á að ljúka því innan tilskilinna tímamarka í samræmi við áætlun um niðurlagningu námsins og ráðstafanir sem því tengjast.

Nr. 1312

11. nóvember 2024

7. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 11. nóvember 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. nóvember 2024